



VALÁFANGAR Í BOÐI Á HAUSTÖNN 2016

Athugið að nokkrir áfangar eru bæði skráðir skv. nýrri og eldri námskrá. 3 einingar í eldri námskrá jafngilda 5 einingum í þeirri nýju, 2 einingar í eldri námskrá jafngilda 3 einingum í þeirri nýju, 1 eining í eldri námskrá jafngildir 2 einingum í þeirri nýju.

ENSKA (ENS503)

Undanfari: ENS403

Í áfanganum er byggt á því sem gert hefur verið í fyrri áföngum. Sérstök áhersla er lögð á ritun. Auk þess verður unnið með ensku sem alþjóðamál og algengustu afbrigði málsins eftir búsetu, menntun og stétt. Lestextar og hlustunar- og myndbandsefni ættu að endurspegla með sem bestum hætti menningu og mannlíf ólíkra málsvæða og sýna fjölbreytileika hinnar ensku tungu.

ERLEND SAMSKIPTI (ERL202)

Undanfari: ERL101

Ferð til Frakklands haustið 2016. Áfanginn er framhald af móttöku franskra nemenda á vorönn 2016.

STAFRÆN SMÍÐJA (FABL1SS05)

Undanfari: Enginn

Áfanginn er hugsaður til þess að kveikja og efla sköpunargáfu nemenda. Unnið er í stafrænni smíðju (Fab-Lab). Áfanginn getur hentað nemendum á öllum brautum. Meðal viðfangsefna eru stafræn framleiðslutækni og myndvinnsla, laserskurður og tvívíð fræsing.

HUGRÆN ATFERLISMEÐFERÐ (HAME1HA02)

Undanfari: Enginn

Hugræn atferlismeðferð (HAM) hefur reynst vel við að takast á við vandamál daglegs lífs og er því fyrir alla. Þessar aðferðir nýtast vel þegar við finnum fyrir vanlíðan eins og t.d. kvíða eða depurð, göngum í gegnum erfiða lífsreynslu eða samskipti við annað fólk veldur okkur vandræðum. Í náminu lærum við út á hvað hugræn atferlismeðferð gengur, hvernig við fylgjumst á kerfisbundinn hátt með hugsunum okkar og því hvernig þær hafa áhrif á hegðun okkar og líðan. Einnig kynnumst við aðferðum til að endurskoða hugsanir og ná þannig tökum á eigin líðan. Námið gengur mikið út á heimavinnu og virkni í tímum.

HUGMYNDIR OG NÝSKÖPUN (HUGN1HN05)

Undanfari: Enginn

Í áfanganum er fjallað um aðferðir til að efla skapandi hugsun, leikni í þróun hugmynda og hæfni til að koma þeim á framfæri. Unnið verður markvisst frá skissuvinnu til niðurstöðu. Fjallað um hugmyndafræði nýsköpunar og gerð viðskiptaáætlana. Lögð er áhersla á að skoða margvíslegar útfærsluleiðir þar sem nemendur vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra. Fjallað verður um ýmsar aðferðir við að skrásetja hugmyndir. Íslensk sköpunarstörf sem tengjast efni áfangans verða kynnt, farið verður á sýningar og nýsköpunarstarfsemi í nærumhverfinu skoðuð.

GLÆPASÖGUR (ÍSL663)

Undanfari: ÍSL212/ÍSLE2MG05

Í áfanganum verða lesnar íslenskar og erlendar glæpasögur, lítillega fjallað um sögu glæpasagnaritunar og nokkrir þekktir glæpasagnahöfundar kynntir. Glæpasöguformið verður skoðað og skilgreint og fjallað um stöðu glæpasögunnar innan bókmenntanna. Í áfanganum verða einnig skoðuð tengsl þessara bókmennta við aðra miðla svo sem sjónvarp og kvikmyndir. Nemendur lesa glæpasögur og vinna ýmis verkefni sem tengjast glæpasagnageiranum og munu einnig hafa möguleika á að semja eigið hugverk á þessum nótum.

JAFNRÉTTIS- OG KYNJAFRÆÐI (JAFN1JK03)

Undanfari: Enginn

Í áfanganum verður fjallað um jafnrétti, mannréttindi og kynjafræði. Leitast verður við að tengja viðfangsefni við daglegt líf nemenda. Viðfangsefni áfangans eru réttindahugtakið, mannréttindi, jafnrétti, fjölmening, kynþáttamisrétti, réttindi fatlaðra, réttindi barna, stéttamisrétti, jafnrétti kynjanna, femínismi, kynhlutverk, feðraveldi, kynbundið ofbeldi, og klám.

LEIKLIST (LEIK1LT05)

Undanfari: Enginn

Farið verður í grunnatriði varðandi leiklist þar á meðal: leiktúlkun, leikræna tjáningu, framsögn, líkamstúlkun, rýmisskynjun og bardagalist. Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér öguð vinnubrögð listgreinarinnar, en geti jafnframt sleppt fram af sér beislinu. Ögun og einbeiting eru undirstaða fyrir góðu gengi í áfanganum.

INNGANGUR AÐ LISTUM (LIST1IK05)

Undanfari: Enginn

Inngangur að sjónrænum listgreinum, myndlist, ljósmyndum og hönnun þar sem nemendur kynnast þessum listgreinum í víðum skilningi.

Þjóðarmorð, þjóðernishreinsanir og ofsóttir minnihlutahópar (SAGA3PM05)

Undanfari: SAG103, 203

Í áfanganum verða valdir atburðir úr mannkynssögunni skoðaðir út frá skilgreiningunni þjóðarmorð og/eða ofsóknir. Áherslan verður á þátt opinberra aðila og ráðamanna í tengslum við slíka voðaatburði. Refsingar og nútímastríðsglæpadómstóar verða einnig til umfjöllunar.

UPPLÝSINGATÆKNI- OG VEFSÍÐUGERÐ (UPPLIUV05, samsvarar UTN103)

Undanfari: Enginn

Í áfanganum þjálfast nemendur í notkun töflureiknis og hugbúnaðar til ritvinnslu, glærugerðar og tölvupóstssamskipta. Þá verður farið í leit á internetinu og hvernig meta á gögn sem leitað er eftir. Einnig kynnast nemendur einfaldri vefsíðugerð.

ÞJÁLFFRÆÐI (ÞJÁL1PM03)

Undanfari: Enginn

1. stig þjálfaramenntunar ÍSÍ. Áfanginn er almennur hluti þekkingar íþróttþjálfara og gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar. Námið veitir réttindi til íþróttþjálfunar og jafnframt réttindi til frekara náms í íþróttþjálfun.

Auk þess er í boði að velja íþróttgrein og íþróttakademíu í samráði við íþróttakennara og íþróttafélög.